

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

62. fundur Stjórnar BS bs. haldinn mánudaginn 14. febrúar 2022

kl. 17:30 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Birgir Örn Ólafsson, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

### Dagskrá.

#### Formaður setur fundinn.

- Staða fjármála
  - Drög að ársreikning ársins 2021 lagður fram. Rekstur samkvæmt áætlun.
- Staða samningaviðræðna við SÍ.
  - Jón segir frá viðræðum sem standa yfir við Sjúkratryggingar Íslands um nýjan samning um sjúkraflutninga, meðal annars vegna hækkunar launa, styttingu vinnuvikunnar og flr. atriða.
- Vinnutímastytting
  - Farið yfir vinnu sem stendur yfir vegna styttingar vinnuvikunnar.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.

#### **Veikindi vegna Covid 19:**

Undanfarið hefur verið talsvert um að starfsmenn hafi fengið covid og hafa þess vegna verið settir í einangrun, en fleiri hafa verið settir í sóttkví vegna Covid veikinda heima fyrir. Þetta hefur haft í för með sér að manna hefur þurft vaktir með aukavöktum.

#### **Starfsmenn í bráðataekni námi:**

Að undanfögnu hafa þrír starfsmenn verið í Bandaríkjunum í bráðataekninámi, tveir eru að ljúka náminu nú í mars og einn í apríl. Þá verða bráðataeknar komnir á allar vaktir, en við fjölgun vakta þurfum við að senda einn starfsmann til viðbótar í bráðataekninám þar sem stefnan er að það sé bráðataeknir á öllum vöktum.

Með aukinni menntun starfsmanna mun þjónusta við okkar skjólstaðinga enn batna, en við höfum um langt árabíl verið að efla stöðu sjúkraflutninga á Suðurnesjum og er menntum bráðataekna mikilvægt skref í þeirri viðleitni.

#### **Mönnun sjúkraflutninga í Grindavík:**

Fjöldi sjúkraflutninga í Grindavík 2021 voru rúmlega 400, og mikið álag hefur verið á okkar starfsfólk í Grindavík, þar sem okkar starfsfólk eru í fullri vinnu annarstaðar og þurfa að

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

---

hlaupa úr vinnu þegar útköll verða, þá er þol þeirra atvinnurekenda ekki endalaust og ljóst að það getur verið erfiðleikum bundið að hafa þetta skipulag til lengdar.

Sá fjöldi útkalla sem er á dagvinnutíma er um 20% en dagvinnutími er um 13% tímalengdar, þannig er ljóst að álag er mest á virkum dögum. Í samningaviðræðum við Sí er BS bs. að leggja áherslu á að við fáum aukið fjármagn vegna Grindavíkur, til þess að ráða inn tvo starfsmenn í dagvinnu og manna bakvakt sjúkrabíls þess á milli.

## 5. Tölfræði útkalla 2021

- Tölfræði lögð fram. Athygli vekur 26% aukning í sjúkraflutningum sem aðalega er vegna flutninga frá umdæmi HSS til Reykjavíkur.

## 6. Önnur mál.

### a. Búseta í atvinnuhúsnæði.

- Stjórn samþykkir að taka þá í átaki ásamt HMS og Vinnumálastofnunar vegna búsetu í atvinnuhúsnæði og skráningu á því.

**Fundi slitið kl. 18:40**